

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum úr dagsgömlum stofnfuglum í útungun.

Svona skalt þú taka sýni

Sýnatökuplan fyrir stofnfugla hænsnfugla og kalkúna

Framleiðsla	Sýnatökutími	Sýnatökustaður	Sýnataka	Sýni tekið af framleiðanda	Sýni tekið af MAST
Uppeldi	Útungun	Útungunarstöð sóttkví	-Eggjaskurnsýni -eða kassaklæðning -eða tausýni	Alltaf	
	4ja vikna aldur	Uppeldishús sóttkví	Skóhlífásýni 2 pör	Alltaf	
	2 vikum fyrir flutning í varphúsið	Uppeldishús	Skóhlífásýni 2 pör	Alltaf	

Lýsing

Með einnota hanska eru tekin 10 g af eggjaskurnum (samsvarar rúmlega skurnum af einu eggi) úr 25 körfum (eða úr öllum körfum ef þær eru færri) úr mest 5 útungunarvélum. Sýnið, sem er a.m.k. 250g, myndar eitt safnsýni úr hverjum foreldrafuglahópi.

Það þýðir að taka skal eitt sýni úr hænulínu og eitt sýni úr hanalínu. Ef eggjum úr hænulínu og hanalínu er ungað út í sömu vél (litlir hópar) er tekið samtals eitt safnsýni.



Mynd 1 Teknir eru tveir stærri helmingar skurnar úr 25 körfum

Hvert safnsýni er sett í hreinan nýjan plastpoka.

Valkostur er að taka kassaklæðningu úr 5 körfum í stað eggjaskurnarsýnis. Það skal haft samband við Matvælastofnun til að fá nákvæma lýsingu á aðferðinni.

Frágangur

Merkja skal sýnið vel með rekjanleikanúmer fuglahóps og sýnatökudagsetningu.

Fyllta þarf nákvæmlega út rannsóknareyðublað og senda sýni ásamt rannsóknarbeiðni samdægurs á opinbera rannsóknarstofu. Sýni skal halda frá miklum hita eða sólskini.

Ef ekki er hægt að senda sýni samdægurs eða innan 24 klst. frá sýnatöku þarf að geyma það í kæli við 2-8°C. Athugið að sýni telst óhæft til rannsóknar ef það líða meira en 96 klst. frá sýnatöku og þar til sýni berst rannsóknastofu.

Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Tússpenni og límmiðar
- [Rannsóknareyðublað](#)
- Kassi til sendingar



Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökur skv. reglugerð (EB) nr. 2160/2003, innleidd með reglugerð nr. 1011/2011.

Síðast uppfært: 26. september 2016